


Október 2025

Stjórnskipulag aðgerðarstjórnar á Norðurlandi vestra



Lögglustjórinn á Norðurlandi vestra

**Stjórnskipulagsáætlun fyrir umdæmi
lögreglustjórans á
Norðurlandi vestra**

Unnin af:

Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra
Ríkislögreglustjóra
Almannavarnanefnd Skagafjarðar
Almannavarnanefnd Húnavatnssýslna

Athugasemdir við áætlunina skal senda til lögreglustjórans
á Norðurlandi vestra
í netfangið

almannavarnirnordurlandvestra@logreglan.is

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	3
SKAMMSTAFNIR	5
1 INNGANGUR	7
2 STAÐHÆTTIR	8
2.1 ÁHÆTTUÞÆTTIR.....	9
2.2 SVEITARFÉLÖGIN.....	9
2.3 FERÐATÍMAR.....	10
3 VIÐBRAGÐ INNAN UMDÆMIS	11
3.1 ALMANNAVARNANEFNDIR.....	11
3.1.1 <i>Almannavarnanefnd Skagafjarðar</i>	11
3.1.2 <i>Almannavarnanefnd Húnavatnssýslna</i>	11
3.2 LÖGREGLAN.....	11
3.2.1 <i>Sauðárkrókur</i>	11
3.2.2 <i>Blönduós</i>	11
3.2.3 <i>Hvammstangi</i>	11
3.3 HEILBRIGÐISSTOFNUN NORÐURLANDS.....	12
3.3.1 <i>Sauðárkrókur</i>	12
3.3.2 <i>Blönduós</i>	12
3.3.3 <i>Skagaströnd</i>	12
3.4 HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS.....	12
3.4.1 <i>Hvammstangi</i>	12
3.5 SJÚKRAFLUTNINGAR.....	13
3.6 UMDÆMISLÆKNIR SÓTTVARNA.....	13
3.7 LANDSBJÖRG.....	13
3.7.1 <i>Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 9</i>	13
3.7.2 <i>Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 10</i>	13
3.8 RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI.....	13
3.9 SAMRÁÐSHÓPUR UM SÁLÆNAN STUÐNING.....	14
3.9.1 <i>Húnavatnssýslur</i>	14
3.9.2 <i>Skagafjörður</i>	14
3.10 SLÖKKVILIÐ.....	14
3.10.1 <i>Brunavarnir Skagafjarðar</i>	14
3.10.2 <i>Brunavarnir Austur-Húnavetninga</i>	15
3.10.3 <i>Brunavarnir Húnaþings vestra</i>	15
3.10.4 <i>Slökkvilið Skagastrandar</i>	15
3.11 FERÐAÞJÓNUSTAN.....	15
3.12 HÚSNÆÐI.....	15
3.12.1 <i>Sauðárkrókur</i>	15
3.12.2 <i>Höfsós</i>	15
3.12.3 <i>Blönduós</i>	15
3.12.4 <i>Skagaströnd</i>	15
3.12.5 <i>Hvammstangi</i>	15
3.12.6 <i>Varmahlíð</i>	15
4 VIRKJUN	16
4.1 ALVARLEIKASTIG ATVIKS.....	16
4.2 FORGANGUR VIÐBRAGÐS.....	16
4.3 UMFANG ATBURÐAR.....	17
4.4 ALMENNT UM BOÐUN.....	17
4.5 BOÐUN.....	17
4.6 AFBOÐUN.....	18
5 STJÓRNKERFI	19
5.1 HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS.....	19
5.2 AÐGERÐASTJÓRN (AST).....	20
5.3 VERKÞÁTTASKIPULAG FYRIR AÐGERÐASTJÓRN.....	21
5.4 VETTANGSSTJÓRN (VST).....	21
5.5 VERKÞÁTTASTJÓRAR.....	22
5.6 VERKÞÁTTASKIPULAG FYRIR VETTANGSSTJÓRN.....	23

5.7	SAMHÆFINGARSTÖÐIN (SST)	23
5.8	UPPLÝSINGAGJÖF	23
5.8.1	Ábyrgð og aðkoma mismunandi aðila.....	23
5.8.2	Helstu verkefni gagnvart fjölmiðlum	24
5.8.3	Helstu verkefni gagnvart þolendum og aðstandendum	24
5.8.4	Aðgengi að vettvangi.....	24
5.8.5	Upplýsingar um atburðinn og afdrif þolenda	24
5.9	SJÚKRAFLUG.....	25
6	STARFSVÆÐI.....	26
6.1	MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA (MÓT).....	26
6.2	BIÐSVÆÐI BJARGA	27
6.3	SLYSSTAÐUR OG NÆSTA NÁGRENNI (SLY).....	28
6.4	SÖFNUNARSVÆÐI SLASAÐRA (SSS)	29
6.5	SÖFNUNARSVÆÐI LÁTINNA (SSL)	29
6.6	GÆSLUSTÖRF Á VETTvangi	30
6.7	SÖFNUNARSVÆÐI AÐSTANDENDA (SSA)	31
6.8	FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ (FHS).....	32
6.9	TALNING/SKRÁNING.....	33
7	FJARSKIPTI.....	34
7.1	GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA.....	35
7.2	VARAFJARSKIPTASKIPULAG	36
7.3	BREYTINGASAGA	36

SKAMMSTAFNIR

AHS	Aðhlyningarstjóri
AR	Sýkingartíðni (Attack Rate)
AST	Aðgerðastjórn /-stjóri
AVD	Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
CBRN	Skammstöfun fyrir efni, sýkla og geislavirk efni sem geta valdið lýðheilsuógn vegna slysa eða vegna hryðjuverka
CBRNE	Sama og CBRN, auk sprenginga (Explosives) af völdum efna
CERT-ÍS	Netöryggissveit íslenskra stjórnvalda
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms (Case Fatality Rate)
ECDC	Sóttvarnarstofnun Evrópusambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control)
ETA	Áætlaður komutími (Estimated Time of Arrival)
ETD	Áætlaður brottfarartími (Estimated Time of Departure)
EU	Evrópusambandið (European Union)
EU-HSC	Nefnd um heilbrigðisöryggi á vegum Evrópusambandsins (Health Security Committee of EU)
EWRS	Vöktunar- og viðbragðskerfi Evrópusambandsins (Early Warning and Er
F	Verkþátturinn Flutningar
FFA	Flugslysaáætlun fyrir Akureyrarflugvöll
FFG	Flugslysaáætlun fyrir Grímseyjarflugvöll
FHS	Fjöldahjálparstöð
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
FSA	Sjúkrahúsið á Akureyri
G	Verkþátturinn Gæslustörf
GR	Geislavarnir ríkisins
HSN	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
HVE	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
ICD	Flokkun sjúkdóma (International Classification of Diseases)
ID-nefnd	Kennslanefnd RLS (Identification committee)
IHR	Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (International Health Regulation)
IL	Innri lokun
Isavia	Isavia, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsögupjónustu á Íslandi
JRCC	Stjórnstöð Landhelgisgæslu (Joint Rescue Coordination Center)
JRCC	Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
LAL	Lögreglan á Austurlandi
LHG	Landhelgisgæsla Ísland
LRH	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
LSH	Landspítali
LSNV	Lögreglan á Norðurlandi vestra
LP	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
MAST	Matvælastofnun

Mhz	Megahertz
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
MRCC	Stjórnstöð sjóbjörgunar (Maritime Rescue Coordination Center)
NSR	Neyðarsamstarf raforkugeirans
NVF	Neyðaráætlun vegna flugverndar
NÖF	Samstarfshópur um neyðar- og öryggisfjarskipti
OACC	Flugstjórnarmiðstöðin (Oceanic Area Control Center)
OSC	Vettvangsstjóri sjór (ON scene coordinator)
P₀	Smitstuðull (Basic Reproductive Rate/Transmission Rate)
PHEIC	Alþjóðleg lýðheyluástand (Public Health Emergencies of International Concern)
PPE	Persónulegur hlífðarbúnaður (Personal Protection Equipment)
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RLS	Ríkislögreglustjóri
RNSA	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálpi
SAF	Samtök ferðaþjónustunnar
SAK	Sjúkrahúsið á Akureyri
SÁBF	Stjórnun – Áætlun – Bjargir – Framkvæmd
SGS	Samgöngustofa
SHÍ	Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi
SHS	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
SL	Slysavarnarfélagið Landsbjörg
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST/NCCC	Samhæfingarstöðin/National Crisis Coordination Centre
SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
SVL	Sóttvarnarlæknir
TETRA	Fjarskiptakerfi viðbragðsaðila
TWR	Flugturn
Umd/svæ-SVL	Umdæmis eða svæðislæknir sóttvarna
UOS	Umhverfis- og orkustofnun
VHF	Very High Frequency
VÍ	Veðurstofa Íslands
VSS	Vaktstöð siglinga (LHG)
VST	Vettvangsstjórn / -stjóri
VPS	Verkþáttastjórar
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization)
YL	Ytri lokun
ÞST	Þjónustumiðstöð almannavarna

1 INNGANGUR

Stjórnskipulagsáætlun fyrir aðgerðastjórn á Norðurlandi vestra segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Áætlunin er unnin af lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra, í samstarfi við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og almannavarnanefndir Skagafjarðar og Húnavatnssýslna. Allir viðbragðsaðilar og aðrir sem nefndir eru í áætlununum, voru hafðir með í ráðum.

Markmið stjórnskipulagsáætlunar og atvikaáætlana sem henni fylgja fyrir hvert einstaka atvik eru að tryggja skipulögð fyrstu viðbrögð í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Atvikaáætlanir eru til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en fela ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstílhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Stjórnskipulag aðgerðastjórnar á Norðurlandi vestra nær yfir allar almannavarnaáðgerðir og aðrar aðgerðir í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Atvikaáætlanir eru fyrir viðburði sem þarfnast frekari áætlunargerðar og útskýringa.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra, í samvinnu við Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra bera ábyrgð á virkni áætlana innan umdæmisins og að þessir aðilar vinni saman að uppfærslum og lagfæringum á þeim. Ritstjórn er á ábyrgð lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og skal að jafnaði endurskoða áætlanir á fjögurra ára fresti.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra skal beita sér fyrir því að atvikaáætlanir séu æfðar reglulega í það minnsta á fjögurra ára fresti.

Áætlunin miðast við stjórnkerfið SÁBF vegna aðgerða á vettvangi. Við gerð stjórnskipulags- og atvikaáætlana var stuðst við ákvæði laga nr. 82/2008 um almannavarnir, reglugerð nr. 323/2010 um gerð og efni viðbragðsáætlana, reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almannavarnastiga, reglugerð nr. 100/2009 um skipulag og störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og viðbragðsaðila almannavarna og ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996.

Stjórnskipulagsáætlun tekur gildi

22.10.2025


Áætlunin er rafrænt undirrituð

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra
Ríkislögreglustjóri
Almannavarnanefnd Skagafjarðar
Almannavarnanefnd Húnavatnssýslna

2 STADHÆTTIR

Norðurland vestra samkvæmt áætlun þessari markast af Hrutafirði og Holtavörðuheidi í vestri og í austri eru mörkin við Grjótá á Öxnadalshæði og á Lágheiði. Hafið afmarkar umdæmið til norðurs. Suðurmörk umdæmisins liggja fram undir jöklum og er víðfeðmt hálendi innan umdæmisins. Innan umdæmisins eru sveitarfélögin Húnaþing vestra, Húnabyggð, sveitarfélagið Skagaströnd og Skagafjörður.

Í umdæminu eru 3,2% sumarhúsa á landinu öllu, nú rúmlega 470 samtals. Þar er einnig að finna mörg auglýst tjaldsvæði og getur dvalið þar töluverður fjöldi gesta jafnt í tjöldum, ferðabílum og smáhýsum yfir sumartímann. Hringvegurinn liggur frá Holtavörðuheidi austur á Öxnadalshæð um 132 km leið sem stærsti hluti ferðamanna fer um á leið sinni um landið. Hluti Kjalvegur og Hveravellir ásamt hluta Arnarvatnsheiðar tilheyra umdæminu og er mikill fjöldi ferðamanna dag hvern yfir sumarmánuðina á hálendinu innan umdæmisins. Ferðamenn eru akandi á eigin vegum og í skipulögðum hópferðum auk þess að vera gangandi, í hestaferðum eða hjólandi, jafnt á láglandi sem á fjallvegum, í misjafri færð. Heldur færri ferðamenn eru yfir vetrarmánuðina en vetrarferðamennska er vaxandi grein og þar með fjölgar fólki í umdæminu og á þjóðvegum á þeim tíma.



Jarðskjálftar verða einstaka sinnum. Skagafjarðarskjálftinn 1963 átti upptök sín út af minni Skagafjarðar. Mældist hann 7 á Richter kvarða - einn sá stærsti á síðustu öld. Áhrif þessara skjálfta eru alla jafna lítil og tjón sem af þeim hlýst óverulegt. Ár geta flætt og helst að vori. Flóð ógna yfirleitt ekki íbúabyggð en geta valdið samgöngutruflunum. Þá eru svæði sem geta verið tímabundið varhugaverð og skapað hættu vegna vinds og óveðurs. Skriðu- og flóðahætta er víða inn til dala og meðfram fjöllum. Vetrarfærð hefur einnig víða valdið truflunum og rafmagnsvandræðum í ákveðnum veðrum. Aukning á þunga- og fólksflutningum veldur meira álagi á vegakerfið með hættu á óhöppum og slysum, þ.m.t. hópslysum og alvarlegri slysum.

2.1 Áhættuþættir

Helstu atburðir sem gætu kallað á virkjun viðbragðsáætlana innan umdæmisins:

Eitranir	<i>CBRNE veikindi, sýking eða matareitrun</i>
Eldgos	<i>Miðhálandið</i>
Flóð, - og skriðuhætta	
Flugslys	
Gróðureldar	
Heimsfaraldur	
Hópslys	
Jarðskjálftar	
Leit að loftfari	
Mengunarslys	
Óveður	
Röskun á virkni innviða	
Sjávarflóð	
Sjóslys	
Skriður, aurskriður	
Snjóflóð	
Umferðarslys	

2.2 Sveitarfélögin

Fjögur sveitarfélög eru innan umdæmisins og er Skagafjörður þeirra stærst. Landfræðilega eru sveitarfélögin einnig mjög mismunandi. Nánar má finna upplýsingar um sveitarfélögin á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þann 1. janúar 2025 var skráð búseta í umdæminu eftir sveitarfélögum:

Skagafjörður	4.316
Húnabyggð	1.374
Húnaþing vestra	1.203
Sveitarfélagið Skagaströnd	462
<u>Samtals íbúar:</u>	<u>7.355</u>

2.3 Ferðatímar

Vegna landfræðilegrar legu Norðurlands vestra þarf oft að flytja sjúklinga um langan veg eða sækja þangað bjargir, ýmist loft- eða sjóleiðina. Að neðan er áætlaður ferðatími milli Norðurlands vestra og nokkurra algengra staða við bestu mögulegu aðstæður.

	Ferðamáti	Áætlaður tími
Blönduós - Reykjavík	Sjúkrabíll	2 klst.
Blönduós - Reykjavík	Þyrla	45 mín
Blönduós - Reykjavík	Flug	30 mín
Blönduós - Akureyri	Sjúkrabíll	80 mín
Blönduós - Akureyri	Þyrla	25 mín
Sauðárkrókur - Blönduós	Sjúkrabíll	22 mín
Sauðárkrókur - Reykjavík	Flug	30 – 35 mín
Sauðárkrókur - Akureyri	Sjúkrabíll	1 klst.
Sauðárkrókur - Reykjavík	Þyrla	50 mín
Hvammstangi - Blönduós	Sjúkrabíll	30 mín
Hvammstangi - Reykjavík	Þyrla	40 mín
Hvammstangi - Akranes	Sjúkrabíll	140 mín
Hvammstangi - Akureyri	Sjúkrabíll	140 mín

3 VIÐBRAGÐ INNAN UMDÆMIS

Margar einingar koma að almannavörnum og aðgerðum í umdæminu. Starfsstöðvar og umsjónarsvæði ásamt helstu upplýsingum um mönnun og skipan fara hér á eftir.

3.1 Almannaþarnanefndir

Innan umdæmisins starfa 2 almannaþarnanefndir. Almannaþarnanefndir eru skipaðar lögreglustjóra umdæmisins, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra er með starfsmann sem sinnir málefnum almannaþarna í umdæminu ásamt öðrum tilfalland

i verkefnum.

3.1.1 Almannaþarnanefnd Skagafjarðar

Starfsvæði nefndarinnar er Skagafjörður.

3.1.2 Almannaþarnanefnd Húnavatnssýslna

Starfsvæði nefndarinnar er Húnaþing vestra, Húnaþing norðvestra og Sveitarfélagið Skagaströnd.



3.2 Lögreglan

Umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra er um 9.520 km² og nær það frá Holtavörðuheidi í vestri að Öxnadalshéiði við Grjótá í austri. Þjóðvegur nr. 1 liggur um 135 kílómetra kafla í gegn um embættið en alls er vegakerfið innan þess um 1800 km. Stór hluti hálendisins er innan umdæmisins. Innan umdæmisins eru þrjár lögreglustöðvar og starfsmannafjöldi embættisins alls er 34.

3.2.1 Sauðárkrókur

Vakt er á stöðinni frá morgni til kvölds og bakvaktir yfir nóttina, einnig er á stöðinni rannsóknardeild og skrifstofa lögreglustjóra ásamt ákærusviði embættisins. Dagleg þjónusta virka daga.

3.2.2 Blönduós

Vakt er á stöðinni frá morgni til kvölds og bakvaktir yfir nóttina, einnig er á stöðinni starfsmaður rannsóknardeildar. Dagleg þjónusta virka daga.

3.2.3 Hvammstangi

Vakt er á stöðinni frá morgni til kvölds og bakvaktir yfir nóttina. Dagleg þjónusta virka daga.

3.3 Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúspjónustu og öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Þjónustusvæði HSN nær frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri.

3.3.1 Sauðárkrókur

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 4-6

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-3

Gæsluvakt læknis: 2

Hjúkrunarfræðingar: 1-2 en hægt að kalla 8 í hús

Áætluð geta:

Grænir 15

Gulir 0-4

Rauðir 0

3.3.2 Blönduós

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 1

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 1 aðra hvora viku

Gæsluvakt læknis: 1

Hjúkrunarfræðingar: 4-6 á daginn, 1 á kvöldin, 1 á nóttunni en hægt að kalla 4-5 í hús

Áætluð geta:

Grænir 10

Gulir 2-3

Rauðir 0

3.3.3 Skagaströnd

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 1 hálfan dag í viku

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 1 hálfan dag aðra hvora viku

Gæsluvakt læknis: 0

Hjúkrunarfræðingar: 1 þrjá daga vikunnar á daginn

Áætluð geta: Alla jafna nýtist heilsugæslan ekki til móttöku þolenda.

3.4 Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) sinnir Húnaþingi vestra. Áætluð geta hér að neðan miðast við bestu aðstæður og því er eingöngu um viðmiðunartölur að ræða.

3.4.1 Hvammstangi

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 1-2

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0

Gæsluvakt læknis: 1

Hjúkrunarfræðingar: 1-2 og hægt að kalla 2-3 í hús

Áætluð geta:

Grænir 15

Gulir 1-2

Rauðir 0

3.5 Sjúkraflutningar

Brunavarnir Skagafjarðar sjá um sjúkraflutninga í Skagafirði frá Sauðárkróki. HSN sér um sjúkraflutninga í Húnabyggð og Skagaströnd frá Blönduósi. Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) sér um sjúkraflutninga í Húnaþingi vestra frá Hvammstanga.

3.6 Umdæmislæknir sóttvarna

Umdæmislæknir sóttvarna er starfandi í sóttvarnaumdæmi Norðurlands og situr á Sauðárkróki. Umdæmið nær frá Húnabyggð og austur á Langanes. Þá ber sérstaklega að geta þess að Húnaþing vestra er undir HVE og fellur því undir sóttvarnaumdæmi þess umdæmislæknis.

Umdæmislæknir sóttvarna er tilnefndur af ráðherra og er ábyrgur fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir faglegri stjórn sóttvarnalæknis. Umdæmislæknir skal hafa samstarf við sóttvarnalækni um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluvalda ef með þarf.

Umdæmislæknir sóttvarna hefur heimild til að virkja viðbragðsáætlanir þær sem eru á sameiginlegri ábyrgð ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis í samráði við sóttvarnalækni. Umdæmislæknir á sæti í aðgerðastjórn er upp koma tilfelli er varða sjúkdóma sem falla undir sóttvarnalög.

3.7 Landsbjörg

Tvær svæðisstjórnir eru í umdæminu. Svæðismörk þeirra eru þau sömu og almannavarnanefndanna. Svæðisstjórnir fara með tæknilega stjórn sinna eininga í aðgerðum. Þær tryggja að réttar einingar séu boðaðar í verkefni, eru staðkunnugar og hafa yfirsýn á stöðu og hæfni eininga sinna.

Landsstjórn er bakland svæðisstjórna í SST og finnur til bjargir utan umdæmis ef kallað er eftir.

3.7.1 Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 9

Svæðisstjórn 9 er mönnum af félögum úr Björgunarsveitinni Blöndu á Blönduósi, Björgunarsveitinni Húnum á Hvammstanga og Björgunarsveitinni Strönd á Skagaströnd. Starfsvæði hennar nær yfir sveitarfélögin Húnaþing vestra, Húnabyggð og Skagaströnd. Í bækistöðvum björgunarsveitanna eru fjölnota stjórnstöðvar til notkunar í aðgerðum. Sveitirnar hafa yfir að ráða öflugum tækjakosti og björgunarbúnaði til lands sem sjávar sem er í stöðugri uppbyggingu og aðlögun til að takast á við þau verkefni sem kunna að koma upp.

3.7.2 Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 10

Svæðisstjórn 10 er með aðstöðu í húsi björgunarsveitarinnar Skagfirðingasveitar eða húsi Flugbjörgunarsveitarinnar í Varmahlíð og starfsvæði hennar er Skagafjörður. Að baki henni eru þrjár björgunarsveitir, Björgunarsveitin Skagfirðingasveit á Sauðárkróki, Björgunarsveitin Grettir á Hofsósi og Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð. Svæðið hefur á að ráða fjölda fjallabíla og fólksflutningabíla ásamt snjósleðum, snjóbíl, vörubíl, fjór- og sexhjólum, buggybíl og VHF/TETRA gátt, harðbotna bátum og gúmmibátum. Drónahópur er á svæðinu einnig. Einnig hefur svæðisstjórn yfir að ráða færanlegri stjórnstöð.

3.8 Rauði krossinn á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ) gegnir stoðhlutverki við stjórnvöld í almannavarnaástandi. Hlutverk RKÍ felst meðal annars í opnun og rekstri fjölda hjálparstöðva, sófnunarsvæða aðstandenda og skráningarstöðva, úrvinnslu skráninga, sálfélagslegum stuðningi og aðkomu að rekstri þjónustumiðstöðva almannavarna. RKÍ á fulltrúa í AST og SST í aðgerðum.

Neyðarvarnir eru landsdekkandi verkefni og bakvaktarsími er opinn allan sólarhringinn sem sér um að kalla út einingar eða deildir eftir þörfum hvers verkefnis eða atvika. RKÍ er starfandi í umdæminu og sér um að kalla út viðkomandi viðbragð óháð getu eða búnaði á hverjum stað.

Þrjár einingar eru starfandi á Norðurlandi vestra en viðbrögð eru samræmd á landsvísu. Starfssvæði RKÍ á Norðurlandi vestra er með aðsetur á þremur stöðum:

- Skagafjörður: Aðalgötu 10, Sauðárkróki.
- Húnaþing vestra og Húnabyggð: Húnabraut 13, Blönduósi.
- Skagaströnd, frá Laxá í suðri að sýslumörkum Húnabyggðar og Skagafjarðar á Skaga: Vallarbraut 4, Skagaströnd.

Fjöldahjálparkerrur eru staðsettar á eftirtöldum stöðum:

- Blönduós: Húsnæði Brunavarna austur-húnvetninga
- Hofsósi: Húsnæði björgunarsveitarinnar Grettis
- Húnaþing vestra: Reykjaskóli

3.9 Samráðshópur um sálrænan stuðning

Í samráðshópi um sálfélagslegan stuðning sitja fulltrúar þeirra stofnana sem standa að Samkomulagi um áfallahjálp í skipulagi almannavarna á Íslandi. Fulltrúar hópsins ákveða fundarstað og getur starfsstöðin verið í þjónustumiðstöð almannavarna hafi hún verið sett á laggirnar eða að haldnir eru fundir í gegnum fjarfundabúnað.

Helstu verkefni á hættu- og neyðarstigi eru að afla upplýsinga um viðkomandi vág/eða atburð og greina þörf á sálfélagslegum stuðningi í umdæminu vegna hennar. Samráðshópurinn sinnir fræðslu um áhrif áfalla til íbúa í gegnum vefsíður, samfélagsmiðla og fjölmiðla, miðlar fræðslu á íbúafundum og annars staðar ef þörf þykir og mætir í viðtöl hjá fjölmiðlum. Einnig vinnur samráðshópurinn áætlun um fyrirkomulag á færslu sálfélagslegs stuðnings frá RKÍ til staðbundinna aðila. Það er gert samhliða því þegar endurreisnarstarfið í heild sinni færir til viðkomandi sveitarfélaga og annarra staðbundinna aðila. Þetta gerir samráðshópurinn í samvinnu við þjónustumiðstöð almannavarna þegar við á og/eða SST.

3.9.1 Húnavatnssýslur

Aðilar sem standa að samráðshópnum eru þjóðkirkjan, lögreglan, Rauði kross Íslands, félagsþjónusta og skólaskrifstofa sveitarfélagsins og hjúkrunarstarfsfólk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

3.9.2 Skagafjörður

Aðilar sem standa að samráðshópnum eru þjóðkirkjan, lögreglan, Rauði kross Íslands, félagsþjónusta og skólaskrifstofa sveitarfélagsins og hjúkrunarstarfsfólk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.

3.10 Slökkvilið

Innan umdæmisins eru fjögur slökkvilið. Stærð þeirra er nokkuð misjöfn og aðeins eru starfsmenn í fullu starfi hjá Brunavörnum Skagafjarðar og Brunavörnum Húnvetninga. Nákvæmur búnaðarlisti er hjá fulltrúa viðkomandi slökkviliðs.

Slökkviliðsstjóri eða hans fulltrúi er verkþáttastjóri á brunavettvangi og fagleg stjórnun aðgerða er snúa að verkþáttum slökkviliðs er undir stjórn hans. Fulltrúi lögreglustjóra er vettvangsstjóri og fer með yfirstjórn á vettvangi.

3.10.1 Brunavarnir Skagafjarðar

Eru reknar af Skagafirði og er starfssvæðið Skagafjörður. Aðalstöð Brunavarna Skagafjarðar er á Sauðárkróki. Einnig eru tvær útstöðvar, önnur á Hofsósi og hin í Varmahlíð. Á Sauðárkróki eru 5 starfsmenn í dagvinnu, og þess utan á bakvöktum. Brunavarnir Skagafjarðar sjá einnig um sjúkraflutninga í Skagafirði með samningi við HSN þess efnis. Úkallsliðið á Sauðárkróki telur 25 menn. Í Varmahlíð er 5 manna úkallslið og á Hofsósi 4 menn.

Stjórnandi er á bakvakt slökkviliðsins utan hefðbundins dagvinnutíma og er hann staðsettur á Sauðárkróki.

3.10.2 Brunavarnir Austur-Húnavetninga

Er rekið af sveitarfélaginu Húnabyggð og starfsvæði þess er mörk sveitarfélagsins. Starfstöðin er á Efstubraut 2 á Blönduósi. Einn maður er á dagvakt en útkallslið þess utan með 25 menn. Í gildi er samstarfssamningur milli Brunavarna Húnaþings vestra og Brunavarna Austur-Húnavetninga.

3.10.3 Brunavarnir Húnaþings vestra

Er rekið af sveitarfélaginu Húnaþing vestra. Starfstöð er ein og staðsett á Hvammstanga. Slökkviliðsstjóri er einn fastráðinn en útkallsliðið telur 23 manns og þar af 12 reykkaðarar. Fjórir slökkviliðsmenn skipta með sér bakvöktum, viku í senn. Í gildi eru samstarfssamningar milli Brunavarna Húnaþings vestra og Brunavarna Austur-Húnavetninga, Slökkviliðs Borgarbyggðar og Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

3.10.4 Slökkvilið Skagastrandar

Er rekið af Sveitarfélaginu Skagaströnd. Starfsvæði þess er innan sveitarfélagsmarka frá Hrafná í suðri að Háagerði í norðri. Starfstöðin er á Skagaströnd. Slökkviliðsstjóri er í 35% starfi og þrír menn skipta með sér bakvöktum, en útkallslið þess utan eru 16 menn.

3.11 Ferðaþjónustan

Áriðandi er að hafa virkt flæði upplýsinga til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila við náttúruhamfarir og veðurtengdra aðstæðna. Á hverjum tíma getur fjöldi ferðamanna verið töluvert umfram íbúa svæðisins og mikilvægt að réttar upplýsingar berist þeim og ferðaþjónustuaðilum. AST setur sig í samband við samtök ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra til að tryggja tengingu og upplýsingaflæði við ferðaþjónustuaðila.

3.12 Húsnæði

Upplýsingar um húsnæði viðbragðsaðila sem hefur eða gæti haft hlutverk í almannavarnaaðgerðum.

3.12.1 Sauðárkrókur

Lögreglan	Lögreglustöðin Suðurgötu 1
AST	Í húsnæði Björgunarsveitar Skagfirðingasveitar
VST / Svæðisstjórn	Í húsnæði Björgunarsveitar Skagfirðingasveitar
Sjúkrahús/heilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Norðurlands

3.12.2 Hofsó

Heilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
VST / Svæðisstjórn	Húsnæði Björgunarsveitarinnar Grettis

3.12.3 Blönduós

Lögreglan	Lögreglustöðin Hnjúkabyggð 33
Sjúkrahús/heilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
VST / Svæðisstjórn	Húsnæði Björgunarsveitarinnar Blöndu

3.12.4 Skagaströnd

Heilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
VST / Svæðisstjórn	Húsnæði Björgunarsveitarinnar Strandar

3.12.5 Hvammstangi

Lögreglan	Lögreglustöðin Höfðabraut 6
Sjúkrahús/heilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
VST / Svæðisstjórn	Húsnæði Björgunarsveitarinnar Húna

3.12.6 Varmahlíð

VST / Svæðisstjórn	Húsnæði Flugbjörgunarsveitarinnar Varmahlíð
--------------------	---

4 VIRKJUN

Virkjun viðbragðs fer eftir alvarleika og umfangi atviks eða viðburðar.

4.1 Alvarleikastig atviks

Almannavarnastigin lýsa alvarleika og eru þrjú, óvissustig, hættustig og neyðarstig. Skilgreiningar á almannavarnastigi, umfangi og forgangi eru í reglugerð 650/2009.

4.1.2 Óvissustig

- Þegar afla þarf upplýsinga um menn sem óvissa ríkir um.
- Þegar skip, loftfar eða menn hafa ekki komið fram á ákvörðunarstað eða ekkert heyrst frá þeim í tiltekinn tíma.
- Þar sem óvissa ríkir um öryggi skips eða loftfars og þeirra sem í því eru.
- Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.
- Þegar sóttvarnaryfirvöld meta þörf á að hefja undirbúning að viðbúnaði vegna farsóttar samkvæmt ráðleggingum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

4.1.2 Hættustig

- Þegar hefja þarf eftirgrennslna eftir mönnum sem óttast er um.
- Þegar tilraunir til að ná sambandi við skip, loftfar eða menn hafa ekki borið árangur.
- Þegar upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að sjóhæfni skips sé takmörkuð, flughæfni loftfars skert og menn í vanda staddir, þó ekki svo alvarlegar að líkur séu á neyðarástandi.
- Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða.
- Ef auka þarf viðbúnað og sóttvannarráðstafanir vegna yfirvofandi farsóttar.

4.1.3 Neyðarstig

- Þegar viðhafa þarf tafarlaus viðbrögð vegna manna sem óttast er um.
- Þegar ítrekaðar tilraunir til að hafa samband við skip, loftfar eða menn hafa reynst árangurslausar og óttast er að viðkomandi sé í neyð.
- Þegar staðfestar upplýsingar hafa borist um að skip, loftfar eða menn séu í neyð eða yfirvofandi hættu og þarfnist tafarlausrar aðstoðar.
- Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi manna er ógnað svo sem vegna farsóttar.

4.2 Forgangur viðbragðs

Þörf á forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika slyss eða atburðar. Við boðun viðbragðsaðila vegna almannavarnaaðgerða skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi.

F1 – Mesti hraði.

F2 – Mikill hraði.

F3 – Lítil hraði.

F4 – Ekki forgangur.

4.3 Umfang atburðar

Umfang atburðar er táknað með litum, grænn, gulur og rauður svartur.

Grænt

Slysi eða atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum þar sem dagleg skipan mála á viðbúnaði er nægjanleg til þess að eiga við verkefnið. Daglegar bjargir í umdæminu sinna atvikinu án aukins viðbúnaðar.

Gult

Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu. Umfang þar sem daglegar bjargir í umdæminu sinna atvikinu auk þátttöku valinna bjarga.

Rautt

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannavarna. Umfang þar sem daglegar bjargir í umdæminu þurfa utanaðkomandi aðstoð.

Svart

Þjóðarvá; hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

4.4 Almennt um boðun

Stjórnskipulag almannavarna í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra virkjust sjálfkrafa við virkjun atvikaáætlunar eða almannavarnaástandi er lýst yfir í umdæminu. Atvikaáætlanir segja til um fyrsta viðbragð í framhaldi af virkjun og þörf fyrir umfang bjarga er ákveðið af AST og miðast við fjölda ætlaðra þolenda í hverju tilviki fyrir sig.

Forsendur virkjunar atvikaáætlanna liggja í samráði við neðangreindra aðila og /eða viðeigandi atvikaáætlunar.

- Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar
- Flugturn viðkomandi flugvallar (flugatvik)
- Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík (flugatvik)
- Landhelgisgæsla Íslands (sjóatvik)

Þegar áætlunin hefur verið virkjuð eru aðgerðir í umdæminu undir stjórn AST. AST metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa. Einungis AST hefur heimild til að afboða eða breyta háskastigum eftir að áætlunin hefur verið virkjuð í umdæminu að höfðu samráði við SST.

Þeir viðbragðsaðilar sem bregðast við á þessum stigum eru boðaðir samkvæmt boðunaráætlun viðkomandi áætlunar.

4.5 Boðun

Neyðarlínan 112 annast boðun. Skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun viðeigandi atvikaáætlunar og hvaða háskastig skuli virkja.

Neyðarlínan tryggir boðun með SMS og kemur upplýsingum til bjarga á TETRA talhóp **Blár 5 - 0 og öðrum viðeigandi fjarskiptum**. SMS útkallsboðin skulu innihalda upplýsingar um eftirtalin atriði:

- Vástig: ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG
- Forgangur: F1, F2, F3, F4
- Umfang: **Grænn**, **Gulur**, **Rauður**, **Svartur**
- Líkleg staðsetningu atburðar (í hnitum á korti)
- Talhópur
- Stutt lýsing á atvikinu

Lögregla stofnar aðgerð í aðgerðagrunni almannavarna, eða óskar eftir að FMR geri það, og deilir henni svo með öðrum viðbragðsaðilum. Viðbragðsaðilar á leið á vettvang skrá í upplýsingar um hóp í aðgerðargrunninn.

- Hverjir eru í hóp
- Hvaða tæki
- Sérþekking hóp/meðlima geta
- Tækjabúnaður meðferðis

4.6 Afboðun

AST tilkynnir afboðun til SST sem tilkynnir afboðunina til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. AST tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

5 STJÓRNKERFI

5.1 Hlutverk og tengingar stjórnerfisins



5.2 Aðgerðastjórn (AST)

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjórans á Norðurlandi vestra.

Lögreglustjóri eða fulltrúi hans situr í AST ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða krossins á Íslandi, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn AST starfar í samvinnu við Samhæfingarstöð SST. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í umdæminu.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fer með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

Aðgerðastjórn AST er skipuð fulltrúum:

- Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra sem hann tilnefnir - **aðgerðastjóri**
- Brunavarna Skagafjarðar
- Svæðisstjórnar Landsbjargar á svæðum 10 og 9
- Rauða krossins á Íslandi
- Heilbrigðisstofnunar Norðurlands
- Öðrum eftir atvikum, t.d. sveitarfélags, Veðurstofu, LHG, Isavia, Vegagerð, Ferðamálastofu, raf- og fjarskiptafyrirtækja og/eða öðrum hlutaðeigandi aðilum

Stjórnandi skipar fólk í stöðu/verkefni samkvæmt SÁBF

Þegar AST hefur verið virkjuð :

- Innra skipulag AST virkjað og hlutverk tryggð (SÁBF)
- Skipa öryggisstjóra, starfar undir aðgerðastjóra
- Tryggir símsvörun og önnur samskipti um fjarskipti
- Tryggir virkjun VST eða skipun vettvangsstjóra
- Kannar hjá VST og upplýsir SST um stöðu mála
- Tryggir skráningu og meðferð upplýsinga
- Tryggir flæði upplýsinga innan AST og til VST og SST eftir því sem við á
- Gerir stöðumat hjá HSN og eða HVE, samgöngum og björgum í umdæminu
- Kannar mannaaflapörf (bjargir) og óskar eftir frekari aðstoð frá SST ef þess er þörf
- Tryggir viðbúnað vegna lokana í samráði við VST
- Hugar að hjáleið ef vegi er lokað
- Skipa fjölmiðlafulltrúa
- Útbúa fréttatilkynningu
- Ákveða stað fyrir móttöku fjölmiðla ef á við og frétt aflæði
- Tryggir upplýsingaflæði á milli AST og sveitarfélaga, Veðurstofu Íslands, vísindamanna, Vegagerðar og fleiri ef við á.
- Tryggir samskipti við fjöldahjálparstöð
- Ákveða tíma fyrir reglulega stöðufundi
- Tryggja skráningu og meðferð upplýsinga

Aðsetur AST: Húsnæði Bjsv. Skagfirðingasveitar - Sveinsbúð

5.3 Verkbáttaskipulag fyrir aðgerðastjórn

Verkaskipting er samkvæmt verkbáttaskipuriti fyrir AST. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.



5.4 Vettvangsstjórn (VST)

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra.

Vettvangsstjóri kemur úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn.

VST er skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglunni á Norðurlandi vestra, vakthafandi varðstjóri, **vettvangsstjóri**
- Slökkviliði svæðisins
- Björgunarsveit á skaðasvæði
- Heilbrigðisstofnunar (HSN eða HVE)
- Öðrum eftir atvikum, t.d. Veðurstofu, LHG, Isavia, Vegagerðinni, raf- og fjarskiptafyrirtækjum og/eða öðrum hlutaðeigandi aðilum

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í VST eftir aðstæðum hverju sinni.

Þegar VST hefur verið virkjuð:

- Innra skipulag VST virkjað og hlutverk tryggð (SÁBF)
- Tilnefna öryggisstjóra sem starfar í samvinnu við öryggisstjóra AST
- Tryggir símsvörun og önnur samskipti um fjarskipti
- Tryggir fjarskipti á og við vettvang
- Kallar og upplýsir AST um þörf á björgum með sjúkraflugi
- Tryggir uppsetningu á MÓT, SSS, SSL og biðsvæðum, ef við á
- Tryggir lokanir, biður AST um hjáleið ef vegi er lokað
- Kannar mannaflapörf (bjargir) og biður AST um útvegum bjarga sem þarf
- Ákveður tíma fyrir stöðufundi
- Tryggir að bjargir skili sér úr verkefnum sem er lokið
- Tryggir skráningu og meðferð upplýsinga

Aðsetur VST: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við AST hverju sinni.

5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfsvæði og við hvern verkpátt starfa oft margar mismunandi einingar. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóranna, en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkpætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkpáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Slökkvilið / björgunarsveitir	Við slysstað
Aðhlyningarstjóri	Heilbrigðisstofnun	Við slysstað/söfnunarsvæðin
Gæslustjóri	Lögreglan	Hreyfanlegur eftir þörfum
Flutningastjóri	Björgunarsveitir	Hreyfanlegur eftir þörfum

Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir störf starfsemi á vettvangi, þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr flaki, burð þolenda að bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun. Verkefni Björgunarstjóra eru:

- Leit:** Finna og staðsetja þolendur
- Björgun:** Úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað.
- Slökkvistarf:** Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- Viðbrögð við mengun:** Hindra útbreiðslu / hreinsun.

Aðhlyningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á söfnunarsvæði slasaðra. Fyrsta verk aðhlyningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað. Verkefni Aðhlyningarstjóra:

- Bráðaflokkun:** Forgangsráða áður en flutt er á söfnunarsvæði.
- Áverkamat:** Með tilliti til flutnings. Greina ástand og skrá þolendur. Flokkun getur tekið breytingum.
- Meðferð:** Til að tryggja öryggi þolenda fram að og við flutning.
- Forgangsröðun:** Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hverskonar tæki og hvaða meðferð á að veita.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi sem og verndun og gæslu allra starfsvæða á vettvangi. Verkefni Gæslustjóra:

- Lokun svæða:** Innri lokun (slysstaður og hættusvæði) og ytri lokun (vettvangurinn í heild).
- Verndun svæða:** Vettvangur og einstök starfsvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum og verndun á öðrum starfsvæðum.
- Umferðarskipulag:** Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir og almenn umferð.
- Talning:** Talning og flæði þolenda.
- Ástandskönnun svæða:** Athuga með ástand fólks og mikilvægra mannvirkja á áhrifasvæði ef þörf er á.

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Verkefni Flutningastjóra:

- Móttaka:** Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram.
- Biðsvæði:** Biðsvæði bjarga.
- Flutningstæki:** Heildaryfirlit og ráðstöfun (hvað, hvar, hvenær).

5.6 Verkpáttaskipulag fyrir vettvangsstjórn



5.7 Samhæfingarstöðin (SST)

Hlutverk hennar er samhæfing á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnanna, jafnt í almannavarnaástandi sem og í öðrum aðgerðum.

Nánar er fjallað um samhæfingarstöðina í stjórnskipulagsáætlun SST.

5.8 Upplýsingagjöf

Þegar atburður á sér stað, hafa fjölmiðlar fljótt samband við viðbragðsaðila. Upplýsingagjöf er mikilvægur þáttur í öllum aðgerðum og því er nauðsynlegt að skýrt sé hver ber ábyrgð á henni hverju sinni. Markmið upplýsingagjafar er að tryggja að almenningur og fjölmiðlar fái áreiðanlegar upplýsingar sem passa hverju sinni.

Samhæfingarstöð (SST), fulltrúar lögregluembættanna, Rauða krossins á Íslandi (RKÍ) og Slysavarnafélagsins Landsbjargar samræma upplýsingagjöf til fjölmiðla meðan á aðgerðum stendur.

5.8.1 Ábyrgð og aðkoma mismunandi aðila

Ábyrgð á upplýsingagjöf getur verið mismunandi eftir atburðum og aðgerðum. Í flestum tilvikum ber lögreglustjórinn á viðkomandi svæði ábyrgð á upplýsingagjöf. Samstarf milli viðbragðsaðila, lögreglu og stofnana og í sumum tilvikum, einkaaðila þarf að vera gott til að tryggja að réttar upplýsingar séu gefnar og að samræmi sé gætt í miðlun þeirra.

- Í flestum tilvikum eru samskipti við fjölmiðla og aðgengi að lokuðum svæðum stjórnað af lögreglustjóra (AST).
- Ef um aðgerðir í hafi er að ræða bera LHG ábyrgð á upplýsingamiðlun.
- Í ákveðnum tilvikum samræmir SST upplýsingagjöf um atburðinn.

Í einhverjum tilvikum bera aðrir aðilar einnig ábyrgð, svo sem:

Náttúruvá: Veðurstofa Íslands sér um að vakta náttúruvá vegna ofanflóða, jarðskjálfta, veðurs, vatns, eldgosu, hafíss og sjávarflóða.

Flugvallasvæði: Ef atburður á sér stað innan flugvallasvæðis, sér Isavia um að veita upplýsingar um loftfar og þá þætti sem snúa að rekstri viðkomandi aðila.

Hafnir: Ef atburður á sér stað innan hafnar, ber hafnarstjóri ábyrgð á að veita upplýsingar um ástand hafna og hafnarmannvirkja.

Útgerð: Ef atburður á sér stað á sjó eða tengist skipum, ber útgerðaraðili ábyrgð á að veita upplýsingar um skip og þá þætti sem snúa að rekstri viðkomandi aðila.

Net- og upplýsingaöryggi: Ef atburður tengist net- og/eða upplýsingaöryggi ber CERT-IS ábyrgð á veita upplýsingar um mögulegar ógnir. Komi upp alvarleg ógn, svo sem stórir veikleikar, samræmir CERT-IS viðbrögð til að tryggja að réttar og tímanlegar upplýsingar berist til hlutaðeigandi aðila.

Sóttvarna- og heilbrigðismál: Ef atburður tengist heimsfaraldri eða heilbrigðismálum ber Embætti landlæknis að veita upplýsingar um þá þætti.

Geislavá: Geislavarnir ríkisins annast miðlun á upplýsingum er varðar geislavá og geislaöngun.

Samgöngur á landi: Vegagerðin annast upplýsingamiðlun um samgöngumál eftir því sem við á.
Loftgæði: Umhverfis- og orkustofnun ber ábyrgð á eftirliti með loftgæðum og að gera þau aðgengileg í gegnum vefinn loftgaedi.is.

Röskun á innviðum: Ef atburður tengist röskun á mikilvægum innviðum ber opinberu og/eða einkaaðilum sem reka viðkomandi mikilvægan innvið að koma upplýsingum til almennings og fjölmiðla um þá þætti sem snúa að rekstri viðkomandi aðila.

Mikilvægt er að fulltrúar þessara aðila hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

5.8.2 Helstu verkefni gagnvart fjölmiðlum

Tilnefna tengilið: Tilnefna einn tengilið sem hefur það hlutverk að svara fjölmiðlum ef ekki er þegar aðili sem hefur það hlutverk.

Útbúa og miðla fréttatilkynningum: Útbúa þarf fréttatilkynningu og setja á vef og senda til fjölmiðla í upphafi atburðar og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir. Nafn tengiliðar og símanúmer fylgir tilkynningunum. Meta þarf hverju sinni hvort koma á upplýsingum á framfæri við almenning á öðru tungumáli en íslensku.

Ákveða og koma á upplýsingastað: Ákvarða þarf stað þar sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar sé þess kostur. Vísa þarf fjölmiðlum sem mæta á staðinn á öruggan stað þar sem þeir fá upplýsingar og bíða þess að komast að vettvangi til myndatöku skv. ákvörðun lögreglustjóra hverju sinni.

5.8.3 Helstu verkefni gagnvart þolendum og aðstandendum

Tilnefna tengilið: Tilnefna einn tengilið sem hefur það hlutverk að svara þolendum og aðstandendum ef ekki er þegar aðili sem hefur það hlutverk. Ef um erlenda borgara er að ræða þarf að tilnefna tengilið við sendiráð/ræðismenn og getur verið um sama aðila að ræða.

Koma á samskiptavettvangi: Eins fljótt og auðið er skal settur upp vettvangur til að koma upplýsingum á framfæri til þolenda og aðstandenda.

5.8.4 Aðgengi að vettvangi

Lögreglustjóri og/eða AST tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi meðan lokað er fyrir aðgengi. Ef fjölmiðlar fá aðgang tekur lögreglustjóri ákvörðun um hvort þeir þurfi að vera í fylgd. Aðkoma fjölmiðla skal ekki trufla aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé tryggð fyllsta nærgætni. Fjölmiðlar skulu fylgja öllum öryggisráðstöfunum sem lögreglustjóri setur.

5.8.5 Upplýsingar um atburðinn og afdrif þolenda

Upplýsingar um afdrif þolenda eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna aðila, eftir því sem við á:

- Aðstandenda
- Lögreglustjóra
- SST
- LHG, eftir því sem við á
- Rekstraraðila flugvélar eða útgerðar, eftir því sem við á

Aðeins skal upplýsa um staðreyndir, ekki persónulegt álit þeirra sem svara eða setja fram hugleiðingar um ástæður þess er leiddu til aðgerða eða atburðar. Aldrei skal gefa fjölmiðlum upp nöfn einstaklinga sem í hlut eiga, áhafna eða farþegalista.

5.9 Sjúkraflug

Eftir að Neyðarlínan hefur boðað út skv. boðunaráætlun er SST mönnuð. SST leitar eftir upplýsingum frá AST um þörf á björgum til að senda með sjúkraflugvél/þyrlu. Nánari útlistun sjúkraflugs er í stjórnskipulagsáætlun SST.

Flugvellir:

Sauðárkróksflugvöllur, bundið slitlag. Völlurinn er eingöngu notaður fyrir sjúkra,- og einkaflug.

Blönduósflugvöllur, bundið slitlag. Völlurinn er eingöngu notaður fyrir sjúkra,- og einkaflug.

6 STARFSVÆÐI

Skipuleggja getur þurft eftirfarandi starfsvæði þegar tekist er á við atvik þar sem fjöldi þolenda á í hlut. Ef ekki er um að ræða atvik þar sem þolendur eru margir er ekki þörf á að virkja öll starfsvæðin. Betra er að virkja starfsvæðin í upphafi og loka þeim þegar ljóst er að ekki er þörf á þeim.

Lýsing á starfsvæðunum og hver tekur ákvörðun um virkjun og staðsetningu þeirra er í atvikaáætlunum.

Starfsvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum atburðarins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur:

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði fyrir bjargir

Móttaka bjarga (MÓT)

Biðsvæði bjarga (BB)

6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning: Ákveðin af AST og VST, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun

Verkpáttastjóri: Flutningastjóri

Hverjir sinna: Sjá viðkomandi atvikaáætlun

Þegar MÓT er virkt:

- Skrá allar bjargir sem koma á MÓT, tæki, stærð einingar, kallmerki
- Ráðstafa björgum í verkefni eftir beiðnum frá verkpáttastjórum
- Kalla eftir hjá Gæslustjóra umferðarskipulag ef við á
- Tryggja aðila til að sinna móttöku þyrila ef við á
- Tryggja umsjón biðsvæða, ef við á

Kortatákn:

Móttökustaður

Lendingarsvæði þyrilu

MÓT

Lp

6.2 Biðsvæði bjarga


<u>Starfsemi:</u>	Staðir sem bjargir bíða frekari fyrirmæla eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum frá VST. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við MÓT . Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri- eða ytri-biðsvæði). Ef við á má skipta BB upp í biðsvæði flutningatækja (BF), biðsvæði hjálparliðs (BH) og/eða biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
<u>Staðsetning:</u>	Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við flutningastjóra, eða skv. viðkomandi atvikaáætlun
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Flutningastjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Sjá viðkomandi atvikaáætlun

Þegar biðsvæði eru virkjuð:

- Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði
- Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni
- Skráning flutningatækja og flutningsgetu
- Umsjón og eftirlit með virkjun flutningatækja til verkefna
- Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði
- Ráðstöfun tækja og/eða búnaðar skv. beiðni

Kortatákn:

Biðsvæði
bjarga



6.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)


Starfsemi:	Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit umhverfis vettvang og hreinsunarstörf.
Staðsetning:	Staður þar sem slys eða atburður átti sér stað og fólk er í hættu vegna afleiðinga þess. Afmarkast oftast af innri lokun.
Staðsetning sjór:	Staður á sjó þar sem flugvél, bíll, bátur eða skip hefur orðið fyrir óhappi eða farist.
Verkbáttastjóri:	Björgunarstjóri
Aðrir stjórnendur:	Sjá viðkomandi atvikaáætlun
Hverjir sinna:	Sjá viðkomandi atvikaáætlun

Lögregla og Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfa á og við slysstaðinn. Þessir aðilar fylgja sérstakri áætlun um rannsókn svæðisins og falla ekki undir stjórn björgunarstjóra.

Verkefni og verkaskipting:

<input type="checkbox"/> Slökkvistörf, eld- og mengunarvarnir	Slökkvilið
<input type="checkbox"/> Lífsbjargandi aðstoð	Slökkvilið/greiningarveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir
<input type="checkbox"/> Björgun úr flaki/rúst	Slökkvilið / björgunarveitir
<input type="checkbox"/> Burður slasaðra frá flaki/rúst	Slökkvilið / björgunarveitir
<input type="checkbox"/> Leit umhverfis flak/rúst	Björgunarveitir/Lögreglan
<input type="checkbox"/> Hreinsunarstörf	Slökkvilið
<input type="checkbox"/> Bráðaflokkun	Greiningarveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir
<input type="checkbox"/> Umönnun þolenda	Greiningarveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir/RKÍ
<input type="checkbox"/> Undirbúningur fyrir flutning á SSS	Greiningarveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir
<input type="checkbox"/> Hleðslustjórn	Yfirmaður greiningarveitar/björgunarveitir
<input type="checkbox"/> Hleðsla sjúkrabifreiða	Sjúkraflutningslið/björgunarveitir
<input type="checkbox"/> Talning í flutningi á SSS	Gæslustjóri/lögreglan
<input type="checkbox"/> Flutningur slasaðra til SSS	Sjúkraflutningslið/björgunarveitir

Kortatákn:



6.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Starfsemi: Staður sem þolendum er safnað á til áverkamats, skráningar, umönnunar og forgangsröðunar til flutnings. Þar fer einnig fram hleðsla og afhleðsla sjúkrabifreiða. Gefa þarf fyrirsmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi.

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við AST eða skv, viðkomandi atvikaáætlun.

Verkbáttastjóri: Aðhlyningarstjóri


Aðrir stjórnendur: Sjá viðkomandi atvikaáætlun

Hverjir sinna: Sjá viðkomandi atvikaáætlun

Verkefni og verkaskipting:

- | | |
|--|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Áverkamat slasaðra | Læknir / Greiningarsveit |
| <input type="checkbox"/> Skráning/talning þolenda við móttöku og brottför | Greiningarsveit / björgunarsveitir |
| <input type="checkbox"/> Forgangsröðun í flutningi frá SSS til sjúkrahúss | Stjórnandi, læknir |
| <input type="checkbox"/> Fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi | Stjórnandi, læknir |
| <input type="checkbox"/> Umönnun og undirbúningur fyrir flutning | Sjúkraflutningslið / björgunarsveitir |
| <input type="checkbox"/> Afhleðsla og hleðsla sjúkrabifreiða á SSS | Björgunarsveitir |
| <input type="checkbox"/> Flutningur - grænir frá SSS | RKÍ / björgunarsveitir |
| <input type="checkbox"/> Innri starfssemi á græna svæðinu | RKÍ / björgunarsveitir |

Kortatákn:



6.5 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Starfsemi: Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað saman og kennsl, skráning og skýrslugerð fer fram.

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjóra í samráði við vettvangsstjóra, eða skv. viðkomandi atvikaáætlun.

Verkbáttastjóri: Gæslustjóri

Hverjir sinna: Lögreglan
Kennslanefnd ríkislögreglustjóra
Læknir

Verkefni og verkaskipting:

- | | |
|---|--------------------------|
| <input type="checkbox"/> Uppsetning svæðisins og gæsla þess | Lögreglan |
| <input type="checkbox"/> Bera kennsl á látna | Kennslanefnd |
| <input type="checkbox"/> Skráning og skýrslugerð | Lögreglan / Kennslanefnd |
| <input type="checkbox"/> Úrskurða einstaklinga látna | Læknir |

Kortatákn:



6.6 Gæslustörf á vettvangi

Starfsemi: Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfsvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með SSL og talning. Skipuleggur heimsóknir á hvert heimili og aðra mikilvæga staði til nánari skoðunar ef þarf. Skipuleggur hraðkönnun innviða, m.a. vega, brúa, helstu mannvirkja, rafmagns og fjarskipta. Kallar til sérfræðinga til skoðunar á mannvirkjum og innviðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

Verkþáttastjóri: Gæslustjóri

Ytri lokun: Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST eða skv. atvikaáætlun

Innri lokun: Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST eða skv. atvikaáætlun


Hverjir sinna: Lögreglan, eða skv. viðkomandi atvikaáætlun

Verkefni og verkaskipting:

<input type="checkbox"/> Uppsetning á innri lokun við slysstað	Lögreglan
<input type="checkbox"/> Verndun vettvangs vegna rannsóknar	Lögreglan
<input type="checkbox"/> Skipulag á umferðarstjórn og lokunum innan vettvangs	Lögreglan/Björgunarsveitir
<input type="checkbox"/> Umsjón með söfnunarsvæði látinna	Lögreglan
<input type="checkbox"/> Framkvæmd á gæslu einstakra starfsvæða	Lögreglan
<input type="checkbox"/> Löggæsla og verndun á slysavettvangi	Lögreglan
<input type="checkbox"/> Löggæsla og verndun á söfnunarsvæðum	Lögreglan/Björgunarsveitir
<input type="checkbox"/> Ytri lokanir	Lögreglan/Björgunarsveitir
<input type="checkbox"/> Stjórnun umferðar til og frá slysstað	Lögreglan /Björgunarsveitir

Kortatákn:

Innri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun



Afmarkar umráða- og starfsvæði vettvangsstjórnar.

6.7 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Starfsemi: Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og sálræns stuðnings. Sameining aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir frá slysinu.

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjórnar eða SST ef utan umdæmis. Geta verið á fleiri en einum stað.

AST hefur lokaákvörðun um hvar söfnunarsvæði aðstandenda skuli starfrækt.

Ábyrgð: **Aðgerðastjórn**


Aðrir stjórnendur: Rauði krossinn á Íslandi.

Hverjir sinna: Rauði krossinn á Íslandi og skv. viðkomandi atvikaáætlun.

Verkefni og verkaskipting:

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> Upplýsingagjöf til aðstandenda | RKÍ |
| <input type="checkbox"/> Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur | RKÍ |
| <input type="checkbox"/> Almennur sálrænn stuðningur | LSH / RKÍ / fulltrúar trúar og annarra lífsskoðunarfélaga. |
| <input type="checkbox"/> Sameining aðstandenda og lítið slasaðra | RKÍ |
| <input type="checkbox"/> Aðstöðusköpun á SSA | RKÍ |
| <input type="checkbox"/> Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við | SST |

Kortatákn:



6.8 Fjöldahjálparstöð (FHS)

Starfsemi: Staður þar sem óslösuðum þolendum og aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og áfallahjálpar.

Þar fer fram:

- Móttaka og skráning þolenda
- Úrvinnsla á skráningu með það að markmiði að sameina fjölskyldur
- Aðhlyning
- Sálfræðilegur stuðningur
- Upplýsingar

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjórnar eða skv. viðkomandi atvikaáætlun. Upplýsingar um fasta staðsetningu fjöldahjálparstöðva RKÍ má finna á vefsíðu félagsins.

Ábyrgð: Aðgerðastjórn


Aðrir stjórnendur: Rauði krossinn á Íslandi stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.

Hverjir sinna: Rauði krossinn á Íslandi
Áfallateymi
Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (Hvammstangi)
Starfsmenn Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga
Félagspjónusta sveitarfélaga

Verkefni og verkaskipting

- | | |
|---|---|
| • Almenn aðstoð við þolendur í kjölfar atburðar | RKÍ/fulltrúar trúar og annarra lífsskoðunarfélaga |
| • Almenn sálgæsla huggun og andleg uppörvun | RKÍ/ fulltrúar trúar og annarra lífsskoðunarfélaga |
| • Sameining aðstandenda og lítið slasaðra | RKÍ |
| • Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara | RKÍ/utanríkisráðuneytið/
viðkomandi sendiráð eða ræðismann |

Kortatákn:



6.9 Talning/skráning

Starfsemi: Talning og staðsetning þolenda við slysstað. Hafa yfirsýn með hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.

Staðsetning Talið við slysstað (bráðaflokkun),
Inn og út af söfnunarsvæðum.
Talið við flutning út fyrir YL og afrifa skilin eftir.

Verkbáttarstjóri: Gæslustjóri

Hverjir sinna: Lögreglan, eða skv. viðkomandi atvikaáætlun.

Kortatákn:

TALNING

Verkefni og verkaskipting:

Á slysstað (SLY):

Þar fer fram bráðaflokkun og í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur það fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað. Björgunarstjóri kemur upplýsingum úr bráðaflokkun til Gæslustjóra.

Á söfnunarsvæði slasaðra (SSS):

Talið inn og út af söfnunarsvæði slasaðra SSS. Talningar staðfestar reglulega.

Á söfnunarsvæði látinna (SSL):

Þar er talið inn og fer fram skráning á látnum og líkamshlutum.

Af svæðinu:

Þegar þolendur fara af SSS á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan vettvangs skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda við síðasta talningapóst.

Það er hlutverk VST í samvinnu við AST að vinna úr skráningum og tryggja að vitað sé um alla sem í slysinu lentu þegar aðgerðum er lokið.

7 FJARSKIPTI

Fjarskipti viðbragðsaðila fara fram í TETRA kerfinu. Upphafstalhópur allra viðbragðsaðila er **Blár 5-0** á leið á vettvang, þ.m.t. upplýsingagjöf frá Neyðarlínu 112 og FMR til viðbragðsaðila. Haldið er áfram á þessum talhópi þangað til fyrirmæli eru gefin út um annað.

Ef að fjarskipti á **Blár 5-0** eru orðin of mikil og útvíkka þarf fjarskiptaskipulagið er stuðst við grunnskipulag fjarskipta í kafla 7.1.

Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að tryggja samskipti í gegn um TETRA skal virkja varafjarskiptaskipulag, sjá kafla 7.2. Einnig er möguleiki að koma upp endurvarpa eða gátt fyrir TETRA kerfið.

Ef um langtímaverkefni er að ræða er hægt að fara með fjarskipti á talhóp **Blár 10-X** með sömu undirhópa og í öðrum möppum. SST úthlutar **Blár 10-X** til notkunar. Með þessu er talhópur **5-X** laus fyrir daglega þjónustu.

VHF getur nýst í ákveðnum verkefnum sem eru langt utan alfaraleiðar og búa sumar björgunarsveitir yfir búnaði til að varpa þeim samskiptum yfir á TETRA talhóp.

Fjarskipti á sjó fara alltaf fram á **VHF rás 16** í neyð og er þeim stýrt af LHG.

Nánari upplýsingar um samvinnutalhópa á TETRA er að á vefnum almannavarnir.is.

7.1 Grunnskipulag fjarskipta

Viðbragðsaðilar á leið á vettvang hlusta á talhópinn **Blár 5–0** og spara óþarfa tal á talhópnum. Ef vettvangsstjóri telur þörf á útvíkkun á fjarskiptaskipulagi er stuðst við neðangreint. Þurfi að fjölga VST úthlutar AST talhópum fyrir þær.

Blár 5
Norðurland
vestra

Upphafstalhópur er Blár 5-0

Blár

- Aðgerðastjórn
- Björgunarveitir
- Ísavia
- Rauði krossinn á Íslandi
- Allir sem hafa aðgang að rauðum talhópum

Vinnutalhöpar ætlaðir til notkunnar eftir þörfum hverju sinni.

Gulur

- Fjarskiptafyrirtæki
- Hafnir
- Jarðvísindastofnun
- Strætó
- Sveitarfélög
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Veitustofnanir
- Þjóðgarðar og náttúruverndarsvæði
- Allir sem hafa aðgang að rauðum og bláum talhópum

Gulir talhöpar 5-4 og 5-5

Neyðarlínan 112 og FMR úttala eftir þörfum. Fyrir notendur utan viðbragðsgeirans og hefðbundinnar notkunar gulra talhöpa.

Allir sem hafa aðgang að rauðum, bláum og gulum talhópum.

Samvinna við stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki sem ekki teljast til hefðbundinna viðbragðsaðila en geta haft aðkomu að málum þar sem viðtækrar samhæfingar er þörf.

Blár 5

Blár 5-1 Björgunarstjóri

Blár 5-2 Aðhlyningarstjóri

Blár 5-3 Gæslustjóri

Blár 5-4 Flutningastjóri

Blár 5-5 Umsýsla þolenda

Blár 5-6 Vinnuhópur RKÍ

Blár 5-7 Vinnuhópur LHG, gáttun VHF 16 og TETRA

Blár 5-8 Vinnuhópur dróna

Blár 5-9 Auka talhópur til úhlutunar eftir þörfum

SST Blár Vinnuhópur SST og AST

SST Blár B Vinnuhópur SST og AST, auka

AST-5 Vinnuhópur AST og VST

VST-5 Vinnuhópur VST og verkþáttastjóra

Gulur 5

Gulur 5-1 Skip

Gulur 5-2 Sveitarfélög, veitur og fleira

Gulur 5-3 Auka talhópur til úhlutunar eftir þörfum

Gulur 5-4 Utan hefðbundinnar notkunar gulra hópa

Gulur 5-5 Utan hefðbundinnar notkunar gulra hópa

SST Gulur Vinnuhópur SST og annarra gulra vinnuhópa

SST Gulur B Vinnuhópur SST og annarra gulra vinnuhópa

Athugið að rauðir talhöpar eru notaðir í einstaka tilfellum þar sem um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar.

7.2 Varafjarskiptaskipulag

Við kerfisbilun í TETRA skal nota **DMO Neyð** sem upphafstalhóp aðgerða. Skipt er yfir á DMO TETRA með því að halda inni "0" á takkaborði TETRA stöðvar í 2 sek. Fjarskipti á DMO TETRA byggja á sjónlínu á milli aðila og eru þar af leiðandi skammdrægari en venjulega í TETRA kerfinu. Þetta er varaleið og líklegt að samskipti muni ganga verr en venjulega. Nota skal kallmerki í samskiptunum.

7.3 Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar/breytingar
1.0	22.10.2025	Fyrsta útgáfa